Skjal sótt af '0000000000' dags: 18.08 2026

# Kópavogstún
## Kópavogsbraut 19 breytt deiliskipulag
## Leikskólinn Urðarhóll. Laus kennslustofa

Breyting skv. 2.mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Erindi frá fundi skipulagsráðs

ONE / 22033170

**KYNNINGARUPPDRÁTTUR**




**Skýringarmynd:** Hluti aðalskipulags Kópavogs 2019-2040
Samþykkt í Bæjarstjórn 28. september 2021
Staðfest 28. desember 2021 - birt í b-deild 30. desember 2021




**Deiliskipulag:** Kópavogstún. mvk.1:2000
Samþykkt í bæjarstjórn dags. 8. nóvember 2005, m.s.br.




**Tillaga - Breytt deiliskipulag:**
Kópavogsbraut 19 í mkv. 1:2000

**Greinargerð:**

Lögð fram tillaga umhverfissviðs dags. 29. apríl 2022, breytt 30. maí 2022 að breyttu deiliskipulagi Kópavogstúns, sem samþykkt var í bæjarstjórn 8. nóvember 2005 og birt í B- deild Stjórnartíðinda 7. mars 2006.

Í breytingunni felst að lóðin Kópavogsbraut 19 m2 verður breytt og stækkuð til suðurs, vesturs og austurs. Lóðarstærð breytist og verða 6.130 m2 í stað 950 m2. Auk þess verður stofnuð ný lóð 315 m2 að stærð sem tilheyrir Kópavogsbraut 19, innan svæðis sem er skilgreint sem "frestað svæði" í gildandi deiliskipulagi og fær sú lóð staðfangið Kópavogsbraut 19b.

Á umræddri lóð nr. 19b verður komið fyrir byggingarreit fyrir á einni hæð fyrir færanlega kennslustofu. Svæðið er skilgreint fyrir samfélagsþjónustu í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040. Hámarks hæð byggingarreitar er áætluð 2.8- 3 metrar og áætluð stærð byggingareits er um 135 m2.

Leiksvæði barna mun verða á núverandi leikskólalóð en girðingu verður komið upp umhverfis færanlegu kennslustofuna. Lagður verður upphitaður stígur milli færanlegu kennslustofunnar og leikskólans Urðarhóls. Staðsetning færanlegu kennslustofunnar er tímabundin.

Það er mat bæjaryfirvalda að tímabundinn skortur sé á leikskólaplássum vegna þéttingu byggðar á Kársnesi þangað til að tekinn verður í notkun nýr leikskóli í tengslum við Kársnesskóla. Að vandlega skoðuðu máli er umrætt svæði austan við núv. leikskóla metið hentugast vegna þess að neikvæð umhverfisáhrif á nærliggjandi byggð eru sem minnst.

Ferill máls:
Setja inn bókun skipulagsráðs

Kópavogi, dags. 30. maí 2022

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi

**Skýringar**

- Ytri byggingarreitur
- Innri byggingarreitur
- Lóðamörk
- Mörk breytinga
- Mörk skipulagssvæðis
- Opin svæði




**Skýringarmynd:** Núverandi aðstæður. Mkv. 1:1000
Rauður reitur innan skipulagssvæðis sýnir staðsetningu kennslustofu.




**Skýringarmynd: Dæmi um kennslustofu.** í mkv. 1:250

S:\Baejarskipulag\200 Austur-Vesturbaer\VESTURBÆR\Deiliskipulag\Kópavogsbraut 19 Leikskólinn Urðarhóll\Leikskólinn Urðarhóll Deiliskipulag EML_recover.dwg

KÓPAVOGSBÆR

Umhverfissvið / Skipulagsdeild

Kópavogi. Elín Mjöll arkitekt. 27. apríl 2022, br. 30. maí 2022

A3